

Hafnarfirði, 17. september 2016.

Til bæjarstjóra (bæjarstjórnar)
HAFNARFJARÐARBÆR
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Erindi: Verkefnið SKJÓL ~~TRÚNAÐARMÁL~~ *Bray.*

BRÝN ÞÖRF

Ég óska eftir samvinnu við bæjarstjóra (og bæjarstjórn) um verkefnið SKJÓL, sem gengur út á að útbúa þægilegar íbúðir fyrir fjölskyldufólk á biðlista Félagsþj.Hfj.bæjar (FÉL), ásamt því að geta sinnt brýnni húsnæðisþörf fyrir t.d. flóttafólk (NEYÐARSKJÓL). Þörfin er brýn, um það geta allir verið sammála.

Verkefnið verður unnið hratt og vel, svo framarlega að það hljóti samþykki húseigenda. Ég get lagt fram nauðsynlegt fé til framkvæmda (þó ekki skilyrði) og vil byrja strax með að markmiði að afhenda FÉL að lágmarki 1 íbúð á mánuði (í sumum tilvikum 2-3). Sjá nánar um íbúðirnar og fyrirbyggjandi húsnæði í eigu Hafnarfjarðarbæjar og Ríkissjóðs Íslands, á meðf. teikningum.

CV

Ég hef góða reynslu og þekkingu sem nýtist í þessa framkvæmd og tel verkefnið **SKJÓL** vel þess virði að láta á reyna í samvinnu við bæjaryfirvöld. Hef sjálfur hannað nokkur hús í Hafnarfirði, byggt eitt þeirra og skipulagt fjölmörg sýningarhúsnæði, þ.m.t. byggingu Nýju Laugardalshallarinnar.

Ásamt því að leggja fram hugmyndina, sæki ég um að verða ráðinn verkefnisstjóri þess og framkvæmdaraðili - sem og síðar húsvörður og rekstrarstjóri þeirra bygginga sem um ræðir – og veiti ég þá íbúum (og nýbúum) aðstoð þegar þurfa þykir. CV fylgir hér í viðhengi.

Bray.

MIKILVÆG NÁLGUN

SKJÓL er fyrst og fremst hugsuð sem (einka)framkvæmd á vegum fólks sem vill virkilega láta gott af sér leiða, fyrir fólk sem þarf á því að halda. Ég legg áherslu á þessa nálgun út á við, þannig að sem flestir leggi hönd á plóginn – sem og að öll innkaup verði sem hagkvæmust – til stuðnings verkefninu! Verði verkefnið hinsvegar unnið á vegum opinberra aðila, og í þeirra reikning, má strax tvö- til þrefalda allan framkvæmdakostnað. Og hjá því vil ég af fremsta megni komast. Ég hef aðgang að hópi fólks sem vill láta gott af sér leiða (stuðningsnet), styrktaraðilum og sérfræðingum (pro-bono).

Ég hef góða reynslu í að virkja fólk til framkvæmda, til stuðnings verkefnum af ýmsum toga, þ.m.t. Veljum íslenskt, og Íslenskt já takk. SKJÓL – & NEYÐARSKJÓL eru verkefni af slíkum toga.

ÚTHLUTUN & UMSÝSLA

FÉL ráðstafar íbúðum til fjölskyldna við hæfi (skv núverandi biðlista) – sem og skipuleggur móttöku og vistun flóttafólks í þar til skilgreindar íbúðir (sjá meðf. teikningar). Öll umsýsla húsaleigufjár (debit og kredit) yrði á vegum FÉL, óháð **SKJÓL**. Eina sem þarf að gulltryggja er að verkefnið sjálft greiði undirrituðum til baka framlagt framkvæmdafé, sem og að væntanleg húsaleiga íbúðanna standi að öðru leyti undir rekstri SKJÓLS til framtíðar.

Virðingarfyllst,



Brynjar Ragnarsson
Hönnuður og framkvæmdaraðili
Miðvangi 4, 2.H.H.
Sími 896 4557
Netfang oc@simnet.is

Brey.